

GJALDSKRÁ

Sjúkratrygginga Íslands vegna þjónustu sjálfstætt starfandi sérgreinalækna sem ekki hefur verið samið um.

1. gr.

Sjúkratryggingar taka þátt í kostnaði vegna þjónustu sérgreinalækna samkvæmt gjaldskrá þessari, sbr. reglugerð nr. 1440/2024, um endurgreiðslu kostnaðar vegna þjónustu sjálfstætt starfandi sérgreinalækna sem ekki hefur verið samið um.

2. gr.

Ef verð þjónustu er lægra en skv. gjaldskrá þessari skal endurgreiðslan miðuð við verð þjónustunnar.

3. gr.

Endurgreiðsla Sjúkratrygginga miðast við eftirfarandi gjaldskrá:

Gjaldskrárn.	Heiti	Einingar
SG-001-01	Beinþéttmæling fyrir einstaklinga í áhættuhópum	20
SG-001-02	OCT sneiðmyndataka hjá augnlækni	26
SG-001-03	Greinargerð/læknabréf taugalæknis á erlendu máli vegna læknismeðferðar erlendis, að beiðni Sjúkratrygginga	20
SG-001-04	Þverfaglegur fundur um sjúkling, að beiðni sjúklings eða aðstandenda	20
SG-001-05	Bólusetning. Skilyrði er að sjúklingi hafi verið bent á gjaldfrjálsa (ódyrari) bólusetningu á heilsugæslu.	6

Einingarverð skal vera 617 kr. Þó skal einingarverð vera 639 kr. vegna þjónustu lækna sem starfa innan samþykktra starfsheilda. Einingarverð skal hækka í samræmi við hækkanir samkvæmt samningi Sjúkratrygginga og Læknafélags Reykjavíkur.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er með stoð í 1. mgr. 38. gr. laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, og reglugerð nr. 1440/2024 um endurgreiðslu kostnaðar vegna þjónustu sjálfstætt starfandi sérgreinalækna sem ekki hefur verið samið um, öðlast gildi 15. janúar 2025.

Sjúkratryggingum Íslands, 11. desember 2024.

Sigurður H. Helgason

Elmar Hallgríms Hallgrímsson